

Mývatnsstofa ehf  
Guðrún Brynleifsdóttir  
Hraunvegi 8  
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Mývatnssveit, 23. júní 2014  
Tilvísun: UST20140600056/döh

### Umsókn vegna viðburðar í Dimmuborgum

Umhverfisstofnun vísar í erindi Guðrúnar Brynleifsdóttur f.h. Mývatnsstofu ehf. dags. 10. júní 2014 þar sem sótt er um leyfi vegna viðburðar í Dimmuborgum.

Fram kemur í erindi Guðrúnar að ætlunin sé að setja upp leiksýningu á Hallarflöt í Dimmuborgum. Markmið sýningarinnar er að miðla íslenskum þjóðsögum og þjóðtrú til erlendra ferðamanna með sérstaka áherslu á Mývetnskar sögur. Sýningartími verður 30 til 40 mínútur og frumsýnt verður að kvöldi 23. júní. Sýnt verður daglega frá 23. júní til og með 31. júlí.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun hefur haft samráð við Daða Lange héraðsfulltrúa Landgræðslu ríkisins á norðausturlandi. Ekki er talið að uppsetning leiksýningarinnar komi til með að hafa áhrif á verndargildi svæðisins ef skilyrði verða uppfyllt.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leiti tímabundið leyfi fyrir leiksýningu á Hallarflöt í Dimmuborgum á tímabilinu 20. júní - 1. júlí með eftirtöldum skilyrðum:

- Að samráð verði haft við sérfræðing Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit varðandi uppsetningu leiksýningarinnar og mögulegrar leikmyndar.
- Að viðburðurinn fari fram á merktum stígum á Hallarflöt. Það á við áhorfendur og starfsmenn.
- Að þess verði sérstaklega gætt að spjöll verði ekki á gróðri eða hraunmyndunum.
- Að Friðlýsingaskilmálar svæðisins verði kynntir aðstandendum.

#### **Eftirlit:**

Ekki er gert ráð fyrir sérstöku eftirliti á svæðinu vegna viðburðarins umfram venjubundið eftirlit á svæðinu.

Virðingarfyllt

David Örvar Hansson

Davíð Örvar Hansson  
Sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri